



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík
Sími 92-3100

Suðurnesjum 20. mars 1987.

120. fundur skólanefndar

Fjölbrautaskóla Suðurnesja haldinn í bóknámshúsi skólans
fimmtudaginn 19. mars 1987 kl. 17.00.

Fundinn sátu: Guðmundur Björnsson, formaður, Hjálmar
Árnason, skólameistari, Guðjón Kristjánsson, Hilmar Þór
Hilmarsson, Bogi Hallgrímsson, Ingimundur Guðnason, Jón
Gunnarsson, Ingólfur Halldórsson, aðstoðarskólameistari,
Sturlaugur Ólafsson, úr byggingarnefnd og Hulda Björk
Þorkelsdóttir, fundarritari.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
Á fundinn hafði verið boðuð byggingarnefnd, þeir Axel
Nikolaísson og Sturlaugur Ólafsson ásamt Ingimundi
Guðnasyni. Axel boðaði forföll. Síðan var gengið til
dagskrár.

1. Afgreiðsla tilboða í viðbyggingu.

Formaður greindi frá tilboðum sem borist höfðu í
viðbyggingu. Þrjú tilboð bárust: Húsanes s.f. kr. 15.427.250,
Húsagerðin h.f. kr. 15.991.450 og Bragi Guðmundsson
kr. 16.291.954, en kostnaðaráætlun hljóðaði upp á kr. 18.087.287.

Formaður dreifði gögnum (fskj. 1) varðandi þessi mál
þar sem kemur fram afstaða hans til tilboðanna sem ráðgjafa
því kvaðst hann mundu víkja af fundi á meðan málið væri rétt,
en benti á nauðsyn þess að málið væri afgreitt á fundinum
vegna skamms verktíma. Hann fól síðan Hilmarí Þór fundar-
stjórn og vék af fundi.

Samþykkt var að taka tilboði lögstjóðanda og fela
stjórn skólanefndar að annast samskipti við byggingarnefnd
um nánari framkvæmd málsins, en byggingarnefnd annist
samskipti við verktaka.

Formaður tók síðan aftur við fundarstjórn og fól
skólameistara að senda verktökum bréf um afgreiðslu málsins.

2. Útvegún fjármagns.

Formaður spyr hvort komið sé svar frá öllum sveitarfélögum (sbr. fundargerð 119. fundar). Skólameistari sagði svo vera nema frá Hafnarhreppi, en svar væri á leiðinni. Grindavík og Njaróvík telja sig hafa afgreitt málið við undirskrift samningsins við ríkið og fulltrúar þeirra í skólanefnd hafi fullt umboð.

Ræddar voru einkum tvær fjáröflunarleiðir: lán frá Aðalverktökum og skuldabréfasala. Formaður lagði til að stjórn skólans væri falið að hefja undirbúning skuldabréfaútbæðs og sölu bréfanna verði dreift á verktímann, selt verði fyrir ákveðna upphæð í mánuði. Hægt væri að byrja með framlög sveitarfélaganna. Byggingarnefnd athugi með aðra liði svo sem endanlegan kostnað við innréttingar í samráði við skólameistara og arkitekta. Fullnaðarfrágang á lóð og málun utanhúss þyrfti að taka með.

Skólameistari kvað reikningshaldara fara fljótlega í innheimtu og lagði til að stjórn skólanefndar verði gefin full umráð til ákvarðanatöku. Einnig fór skólameistari fram á heimild til nefndarinnar að fela arkitekt eða ráðgjafa að hanna og teikna og koma með kostnaðaráætlun um nýjar hugmyndir um bókasafn og skrifstofu ef hægt væri að framkvæma það innan þessa ramma. Fundurinn samþykkir þessar tillögur.

Skólameistari benti á nauðsyn þess að stjórn væri falið að semja um þóknun til byggingarnefndar strax í upphafi og var það samþykkt.

3. Verkföll.

Skólameistari skýrði stöðu mála og dreifði gögnum um kennslu í skólanum í verkfalli BHMR-kennara og reynist hún vera 18%. Skólameistari telur að hægt verði að bæta kennsluna, sem fellur niður vegna verkfalls, upp ef verkfall stendur ekki lengur en í tvær vikur.

4. Önnur mál.

a) Formaður spyr um nemendaakstur í Keflavík og frekari upplýsingar sbr. síðustu fundargerð. Þessar upplýsingar liggja ekki enn fyrir m.a. vegna verkfallsins. Formaður óskar eftir tölum á næsta fundi.

b) Formaður spyr um afgreiðslu á óskum JC-manna um

ípróttahús fyrir iðnsýningar. Skólameistari kvað málið hafa verið leyst á þann veg að JC fái húsið í páskafríinu.

Bréf hefur borist frá JC þar sem skólanum er boðin aðstaða á sýningunni. Samþykkt að taka þátt í sýningunni ef það verði okkur að kostnaðarlausu.

c) Skólameistari sagði frá foreldrafundi sem haldinn var 11. mars s.l. Fundurinn var vel heppnaður, en fáir foreldrar mættu og mun skólameistari ekki standa fyrir öðrum slíkum nema til komi eindregin tilmæli frá foreldrum.

d) Skólameistari tilkynnti að skólinn hefði fengið heimild fyrir skipstjórnarbraut fyrir 200 rúmlesta réttindi, bréf þar að lútandi á leiðinni. Kennsla hefst n.k. haust ef þátttaka leyfir.

e) Skólameistari sagði frá því að vélstjórnarbraut hafi verið endurvakin í dagskóla. Þetta samsvari 1. stigs námi í Vélaskóla Íslands (réttindi upp að 500 hestöflum). 2. stigið væri einnig hægt að kenna hér, vélbúnaður og kennari til, en vantar húsnæði. Hann óskar eftir heimild til að kanna málið og var það samþykkt.

f) Skólameistari kvaðst hafa í samráði við formann sent málsmiðjum á svæðinu bréf með ósk um stuðning við uppbyggingu málmiðnaðardeildarinnar og kaup á hlífðargassuðuútbúnaði sem kosti um 350.000 kr. Undirtektir hafa verið jákvæðar. Von er fljótlega á skýrslu um úttekt á deildinni sbr. fundargerð 118. fundar.


g) Skólameistari dreifði ljósriti úr riti frá Byggðastofnun sem nefnist Byggð og atvinnulíf 1985 (fskj. 2). Þar má sjá hvernig skólinn þjónar atvinnulífinu. Nokkrar umræður urðu um þetta mál.

h) Skólameistari sagði frá áskorun fundar skólameistara í áfangaskólum sem haldinn var í Keflavík um að Skólameistarafélag Íslands beiti sér fyrir því að Menntamálaráðuneytið geri úttekt á húsnæðis- og búnaðarþörf íslenskra framhaldsskóla og sú úttekt verði síðan notuð til að gera langtímaáætlun um úrbætur. Skólameistari taldi ljóst að þá yrði Fjölbrautaskóli Suðurnesja efstur í forgangs röð um framkvæmdir gagnvart ríkinu.


i) Formaður minntist á fund skólanefndar s.l. haust með kennurum og taldi tímabært að halda annan slíkan áður en langt um líður og fól Hjálmari að athuga það mál.

j) Formaður ræddi starf skólanefndar. Kvað umræðu að mestu hafa snúist um peninga og húsnæðismál. Formaður sagðist hafa áhuga á að á næsta fundi eða þarnæsta yrði spjallað um stefnu skólanefndar í sambandi við skólann, framboð á námi o.fl. þess háttar og ná markmiðum um almenna uppbyggingu skólans. Nauðsynlegt væri að móta stefnu og setja fram í stuttu máli.

Fleira var ekki gert. Formaður þakkaði mönnum góða fundarsetu og sleit fundi um kl. 18.45.




Guðmundur Björnsson
formaður



Hulda Björk Þorkelsdóttir
fundarritari

Fylgiskjöl:

1. Tilboð í viðbyggingu
2. Ljósrit um störf á Suðurnesjum



Fjölbrautaskóli Suðurnesja
Keflavík

19. mars 1987

Mál: Tilboð í viðbyggingu við bóknámshús skólans.

Tilboð í viðbygginguna voru opnuð 17. mars 1987, þrjú tilboð bárust. Við höfum yfirfarið tilboðin og í tilboði Húsanes kom í ljós reikniskekkja þannig að tilboð þeirra hækkaði um kr. 161.050,- aðrar leiðréttingar voru smávægilegar.

Yfirlit yfir niðurstöðutölur tilboða (sjá einnig meðfylgjandi töflu).

Bjóðandi	1. áfangi		2. áfangi		Heildarverð	
	kr	%	kr	%	kr	%
Húsanes s/f	9.616.200	86,9	5.811.050	82,8	15.427.250	85,3
Húsagerðin h/f	9.864.415	89,1	6.127.035	87,3	15.991.450	88,4
Bragi Guðmundss.	9.562.180	86,4	6.729.774	95,9	16.291.954	90,1
Kostnaðaráætlun	11.067.931	100	7.019.356	100	18.087.287	100

Allir bjóðendur höfðu þann fyrirvara á tilboðum sínum að þau væru gerð í 1. áfanga eða 1. og 2. áfanga saman en ekki í 2. áfanga eingöngu.

Lægstbjóðandi er Húsanes s/f, Keflavík, heildartilboðsverð kr. 15.427.250,- sem er 85,3% af kostnaðaráætlun hönnuða. Undirritaður leggur til að tilboði lægstbjóðanda verði tekið.

Rétt er að benda á, að þar sem hér var um opið útboð að ræða þá er verkkaupa heimilt að taka hvaða tilboði sem er eða hafna þeim öllum.

Undanskilið í útboði þessu var fullnaðarfrágangur á lóð, málun utanhúss, fatahengi og aðrar minniháttar innréttingar, svo að allur búnaður svo sem húsgögn, töflur o.fl.

Virðingarfyllt,


Guðmundur Björnsson

Fjölbrautaskóli Suðurnesja
Bóknámshús - viðbygging
Tilboð opnuð 17. mars 1987

Tilboðsliður	Húsanes s/f Keflavík		Húsagerðin h/f Keflavík		Bragi Guðmundsson Garði		Kostnaðar- áætlun	
	kr	%	kr	%	kr	%	kr	%
<u>1. áfangi</u>								
1.2 Jarðvinna	607.700	78,0	765.000	98,2	826.000	106,0	799.200	100
2.1 Steypumót	1.755.000	75,6	2.406.000	103,6	1.832.000	78,9	2.321.500	100
2.2 Bendistál	1.095.000	86,2	1.120.000	88,2	1.007.400	79,3	1.270.200	100
2.3 Steinsteypa	2.357.000	101,9	1.922.000	83,1	2.019.100	87,3	2.313.200	100
3. Ymislegt	676.900	78,3	645.250	74,6	821.950	95,0	864.940	100
4.1 Þakviðir o.fl.	765.580	107,8	789.350	111,2	617.690	87,0	710.080	100
4.2 Þakgluggi o.fl.	288.000	71,3	371.200	91,9	280.600	69,4	404.080	100
5. Gluggar, hurðir o.fl.	1.153.900	72,9	1.168.200	73,8	1.256.100	79,3	1.583.400	100
6. Ein. og múrv.	695.250	126,8	472.600	86,2	612.000	111,6	548.300	100
7.1 Frárennslislagnir	82.000	136,7	65.000	108,3	90.000	150,0	60.000	100
8.0. Raforkuvirki	139.870	72,5	139.815	72,4	199.240	103,2	193.031	100
1. áfangi alls	9.616.200	86,9	9.864.415	89,1	9.562.180	86,4	11.067.931	100
<u>2. áfangi</u>								
3. Ymislegt	15.002	187,5	10.000	125,0	140.000	1750,0	8.000	100
4.1 Þakviðir o.fl.	198.250	100,0	213.500	107,7	186.050	93,8	198.250	100
5. Ein. og múrv.	667.000	89,0	604.500	80,7	560.750	74,8	749.500	100
7.1 Tréverk	1.257.313	79,2	1.495.600	94,2	1.706.500	107,5	1.587.730	100
7.2 Stiga- og svalahandr.	200.000	96,2	400.000	192,3	365.000	175,5	208.000	100
7.3 Gólf	1.145.000	77,7	1.310.500	88,9	1.354.050	91,9	1.473.600	100
8. Málun inni	604.335	72,8	419.225	50,5	415.479	50,0	830.680	100
7.1 Frárennslislagnir	19.200	83,1	21.000	90,9	32.412	140,3	23.100	100
7.2 Neysluvatnslagnir	141.600	100,5	114.000	80,9	114.740	81,5	140.860	100
7.3 Hitlagnir	500.150	92,7	479.600	88,9	482.692	89,4	539.690	100
7.4 Hreinlætistæki	70.000	90,9	73.500	95,5	78.077	101,4	77.000	100
8.0. Raforkuvirki	993.200	84,0	985.610	83,3	1.293.574	109,4	1.182.946	100
2. áfangi alls	5.811.050	82,8	6.127.035	87,3	6.729.774	95,9	7.019.356	100
Heildarverð	15.427.250	85,3	15.991.450	88,4	16.291.954	90,1	18.087.287	100

fsb. 2

Suðurnes

Ársverk og meðallaun eftir kyni 1985

Númer atvgr.	Nafn - atvinnugreinar	Karlur árv. meðall.		Konur árv. meðall.		Karlur+konur+öfl. árv. meðall.	
11	Landbúnaður	37	389	18	301	56	360
13	Fiskveiðar	587	929	52	358	641	882
30	Fiskvinnsla	546	487	542	346	1092	416
31	Matvælaíðnaður	51	449	101	274	152	332
32	Vefjariðnaður	45	454	13	282	58	414
33	Trjávöruiðnaður	108	502	14	400	122	490
34	Pappírsiðnaður	18	494	10	284	28	419
35	Efnaíðnaður	7	409	4	365	11	393
36	Steinefnaíðnaður	31	586	5	500	36	575
37	Ál og járnblendi	8	711	0		8	711
38	Málm- og skipasmíði	195	567	17	337	213	549
39	Ymis iðnaður	18	713	3		21	674
40	Veitur	59	655	11	378	70	610
50	Byggingar sem atv.rek.	796	559	89	340	885	537
51	Byggingar í eigin þágu	16	535	0		16	535
52	Opinberar framkvæmdir	64	361	17	194	81	326
61	Heildverslun	128	554	78	323	207	466
62	Smásöluverslun	102	524	283	340	386	389
63	Veitingar og hótél	30	336	95	327	125	329
71	Flutningar	299	506	47	386	346	490
72	Póstur og sími	23	563	45	402	68	456
81	Peningastofnanir	36	821	121	382	157	482
82	Tryggingar	11	1002	12	361	23	663
83	Þjónusta við atv.rek.	31	589	28	333	60	465
91	Opinber stjórnsýsla	193	658	89	323	282	552
92	Götu- og sorphreinsun	13	510	2		15	483
93	Opinber þjónusta	163	534	423	331	586	387
94	Menningarstarfsemi	28	463	42	328	70	382
95	Persónuleg þjónusta	144	461	103	270	248	381
96	Varnarliðið	473	650	356	432	829	556

Atvinnuvegir:

Landbúnaður	37	389	18	301	56	360
Fiskveiðar	587	929	52	358	641	882
Fiskvinnsla	546	487	542	346	1092	416
Iðnaður	480	534	166	303	647	474
Veitur	59	655	11	378	70	610
Byggingar	875	544	106	316	982	519
Verslun	260	517	457	335	718	401
Samgöngur	322	510	92	394	414	484
Bankar og fl.	78	753	162	372	240	495
Þjónusta	1013	599	1015	359	2029	479
Atvinnuvegir alls	4257	601	2622	349	6888	505

Hafnarfirði 11. mars 1987

Skólameistarafélag Íslands
c/o Ingvar Ásmundsson
Iðnskólanum í Reykjavík
Reykjavík

Á fundi skólameistara áfangaskólanna, sem haldinn var í Keflavík 2. mars s.l. var samþykkt að beina því til stjórnar Skólameistarafélags Íslands, að félagið beitti sér fyrir því við menntamálaráðuneytið að gerð verði úttekt á húsnæðis- og búnaðarþörf íslenskra framhaldsskóla og sú úttekt síðan notuð til að gera langtímaáætlun um úrbætur í þeim efnum. Var mér sem fundarritara falið að koma þessari samþykkt á framfæri við stjórn Skólameistarafélagsins, og er það hér með gert.

Með kveðju

Kristján Þorðarson



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík
Sími 92-3100

Suðurnesjum 16. mars 1987.

Kennarar undanþegnir verkfalli.

<u>Dagskóli</u>	Skýring	stundir á viku
Anna Lea Björnsdóttir	B S R B	29
Guðni Kjartansson	B S R B	33
Jóhannes Helgason	B S R B	30
Kristján Pétur Ásmundsson	B S R B	32
Axel Nikulaísson	hlutastarf	6
Bragi Eyjólfsson	hlutastarf	14
Ólafur Sigurðsson	hlutastarf	10
Sveinn Samundsson	hlutastarf	10
Ingibjörgs Fredriksen	hlutastarf	14
		169 / 1052
		183
<u>Öldungadeild</u>		
Ingibjörg Þórhallsdóttir	hlutastarf	3
Jakob Steensig	hlutastarf	6
Skúli Þ. Skúlason	hlutastarf	6
Auður Harðardóttir	hlutastarf	3
		18 / 54

Meistaraskóli

stundir á viku

Axel Nikulaisson	hlutastarf	16
Ásgeir Eiríksson	hlutastarf	2
Hafsteinn Hafsteinsson	hlutastarf	2

20 / 29

Hlutfall kennslumagns

Dagskóli	¹⁸³ 169 st. af 1052	=	18 %
Öldungadeild	18 st. af 54	=	33 %
Meistaraskóli	20 st. af 29	=	69 %

Samtals	214 st. af 1135	=	18 %
---------	-----------------	---	------